

Pekking mín. 1

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson.

" Vefnaður þeirra er ónýtur til klæða, og það sem þeir vinna verður eigi haft til skjóls: Athafnir þeirra eru illvirki, og ofbeldisverk liggja í lófum þeirra. Fætur þeirra eru skjótir til ills, og fljótir til að úthella saklausu blóði. Ráðagjörðir þeirra eru skaðræðisráðagjörðir, eyðing og tortíming er á vegum þeirra. Veg friðarins þekkja þeir ekki, og ekkert réttlæti er á þeirra stigum. Þeir hafa gjört vegu sína hlykkjóttá, hver sá, er þá gengur, hefir ekki af friði að segja. Fyrir því er rétturinn fjarlægur oss og réttlætið kemur ekki nálægt oss. Vér væntum ljóss, en það er myrkur, væntum dagsbirtu, en göngum í niðdimmu. Vér þreifum fyrir oss, eins og blindir menn með vegg, fálum eins og þeir, sem misst hafa sjónina. Oss verður fótaskortur um hábjartan daginn eins og í rökkri, í blóma lífsins erum vér sem dauðir menn. " (Jes: 59. 6 – 10)

Öll ævi mannsins einkennist af öflun þekkingar. Leit hans og forvitni knýr hann áfram. Sá sem ekki er fróðleiksfús er og verður áfram þekkingarlaus.

Lífsreynslan er mikilvæg og fær oft sett menn í spor annarra í svipuðum kringumstæðum og ágætlega færa um að leiðbeina og hjálpa öðru fólki. Sum reynsla manna er góð önnur miður góð. Málið er að vinna rétt úr eigin reynslu. Visku er þörf. Svona er lífið.

Þekkingarleit fólks greinir þá frá skynlausum skepnunum sem ganga samkvæmt eðli sínu og lifa á tiltölulega takmörkuðum landssvæðum sem þær eyða stuttri ævi sinni á. Allt sem dýrin gera hefur eðlisávísunin ein knúið þau í. Engin rökhugsun. Engin þaulhugsuð þæling heldur er eðlisávísuninni fylgd. Engin andmæli koma fram í hjörðinni. Hún bara fer þegar tíminn er kominn. Krían flýgur á milli landa vor og haust. Hluti kríustofnsins kemur til Íslands frá Englandi. Engin ráð, engar vangaveltur, ekkert hik. Og er haustið fer í hönd hefja farfluglar landsins sig til flugs og fljúga yfir hafið og taka sér bústað á sama stað og áður. Sama tuggan ár eftir ár, uns fuglinn fellur dauður til jarðar og verður hræætum að fæðu. Engin þekking, engir útreikningar að baki, engar athugasemdir frá misvitrum. Fuglinn bara hefur sig á loft og flýgur sitt langflug.

Skepnur jarðar lifa á jörðinni án vangavelta um lífið og tilgang lífsins. Skepnurnar einfaldlega lifa, éta, fjölga sér, viðhalda stofninum og einstaklingarnir deyja. Tíminn snýst um að koma afkvæmum á legg og að forðast sér stærri og öflugri dýr. Allt annað sem gerist varðar þá ekki um. Enda ekki skapaðar til þekkingarleitar. Skaparinn gerði manninn sér líkan og skaparinn er vitsmunavera. Að þessum viskubrunni fær maðurinn aðgang með því trúá á hann sem lét sitt eigið líf á krossi og úthellti eigin blóði til fyrirgefningar synda, Jesús Kristi.

" Þetta er ættarskrá Adams: Þegar Guð skapaði Adam, gjörði Guð hann sér líkan. Hann skóp þau mann og konu og blessaði þau og nefndi þau menn, er þau voru sköpuð. Adam lifði hundrað og þrjátíu ár. Þá gat hann son í líking sinni, eftir sinni mynd, og nefndi hann Set. Og dagar Adams, eftir að hann gat Set, voru átta hundruð ár, og hann gat sonu og dætur. " (1Mós: 5. 1 – 4)

Maðurinn áliktar og lærir af reynslu sinni og bóklegum lestri og öðrum lærdómi.

Allt fyrir þær sakir að maðurinn er leitandi.

Maðurinn er í hörku keppni um hylli Drottins Jesú Krist sem vill að hann læris af sér. Annað afl er líka til staðar. Takið eftir þessu. Og þetta afl er Satan. Hann er líka kennslu með ætlaðri manneskjunni. Og margir gleypa við öllu sem frá ódáminum kemur sem alloft tekst vel upp. Þótt kennsla hans sé að stórum hluta byggð upp á lygum og stórfenglegum blekkingum leynist þó sannleikskorn inn á milli til að blekkingin viðhaldist og gangi í fólkið. Gert til að afvegaleiða sálirnar sem Drottinn dó fyrir. Hversu marga skólustjóra heldur þú lesandi góður að Satan eigi í skólakerfum heimsins? Og af hverju haldið þið að Biblíufræðsla í skólum, til að mynda grunnskólunum, sé á útleið úr kerfum landanna og eigi stöðuglega undir högg að sækja? Satan er víða og víðar en margur hyggur.

Ágætu bræður! Satan, erkióvinur Guðs, er með risastór blekkingaráform sem hann notar á fólk í þekkingarleit til að það komist ekki til þekkingar á sannleikanum Jesú Kristi heldur beini þekkingarleit sinni í aðrar áttir. Satan er klókur, útsmogin en umfram allt annað illur í gegn. Hann reynir allt sem hann getur til að setja sitt fólk í stöður þar sem mikilvægar ákvarðanir eru teknar í en hefur áður látið slæðu yfir skynfæri fólksins sem virkar. Og fólkið kemur ekki lengur auga á nauðsýn þess að fræða fólk um Orð Guðs og frelsisverkið sem Jesú.

" Höggormurinn var slægari en öll önnur dýr merkurinnar, sem Drottinn Guð hafði gjört. Og hann mælti við konuna: Er það satt, að Guð hafi sagt: Þið megið ekki eta af neinu tré í aldingarðinum? Þá sagði konan við höggorminn: Af ávöxtum trjáanna í aldingarðinum megum við eta, en af ávexti trésins, sem stendur í miðjum aldingarðinum, af honum, sagði Guð, megið þið ekki eta og ekki snerta hann, ella munuð þið deyja. Þá sagði höggormurinn við konuna: Vissulega munuð þið ekki deyja! " (1Mós: 3. 1 -4)

Satan hefur her, margar herdeildir, staðsettar inn í skólstofunum landsins og kennandi þar kennsluefni sem þessi óværa hefur sjálf útbúið til að leiða manninn á vit ævintýra sem kosta milljarða með kannski litlum og engum árangri þegar upp er staðið.

Ljóst er að eini raunverulegi tilgangur manneskjunnar er að ganga Jesú á hönd og láta frelsast frá lygum og til móts við viskuna sem er æðri öllum mannlegum skilningi. Maðurinn þarf að trúá á Soninn til að honum takist þetta. Hann þarf að deyja sjálfum sér og játa að skaparinn hefur allt sem hann þarf til að gott líf falli honum í skaut.

Tökum þessu til staðfestingar leit mannsins að eigin uppruna og lífs á jörðunni. Hann sendir hverja flaugina eftir aðra út fyrir gufuhvolf jarðarinnar í þessum erindagjörðum. Sumar flauganna eru mannaðar, aðrar ómannaðar. Allt ber að sama brunni: Afla manneskjunni þekkingar. Í þetta fara ótaldir fjármunir og ekkert lát á fjáraustrinum. Hverju hefur leitin í geimnum skilað mannkyninu? Fáu nema því að nú vita menn að hinum megin við gufuhvolfið er gímald sem er endalaust, botnlaust, almyrkvað, ískalt og líflaust. Engin merki um lífsneista hafa komið fram á öðrum hnöttum þrátt fyrir áratuga leit og ómælda fjármuni. Ekkert nema risastórt tómið sem mannleg hugsun nær engum takti við en reynir samt í skjóli peningaausturs, og þekkingarleitarinnar, munum það, að finna einhver brúkleg svör þarna. Leit mannsins út fyrir eigin hnött sannar þörf hans á að vita meira og leitin gengur út í öfgar. Og tæknibúnaðurinn, sem vísindamennirnir sjálfir fundu upp, hönnuðu, könnuðu og reyndu, er notaður til að afla þessarar þekkingar. Og maðurinn verður mikill, völdugur en grunnhygginn. Enþá hafa engin haldbær svör fengist á upprunum gegnum tækni mannsins.

" Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn og fyrirgjöra sálu sinni? Eða hvað gæti maður látið til endurgjalds fyrir sálu sína? " (Matt: 16. 26)

Hvað vantar upp á þessa mynd? Ómældu fjármagni eytt í verkefnið og vísindin í forgrunni. Með allri virðingu fyrir vísundunum og þeirra framlagi til hins mannlega lífs sem er mikið.

Svarið er harla nærri maninum. Guð sem sagði við Móse á fjallinu: "Ég er." (**2. Mós: 3. 14**) – var svarið til Móse: "Ég er." Og þessi: "Ég er" – þarf að komast að til að alvöru, fallslaus viska komist á í þessum heimi.

"Ég er" – hefur svörin sem nútímamaðurinn leitar að og notar til verksins tæki og tól sem geta engu svarað. Svarið sem maðurinn leitar eftir er "Ég er. „.

"Ég er" – sagði Guð við guðsmaðurinn Móse. Og "Ég er" þráir sem fyrir að heyra frá maninum sem leitar eftir svörum og gerir svo margt rangt vegna þess að hann nemur af honum sem er í eðli sínu svæsinn lygari. Satan er hér til að stela, slátra og eyða.

Vitaskuld eru margar uppfinningar mannshugans stórfenglegar og hafa margar af þeim sannarlega létt mönnum vinnuna og gert þeim lífið þægilegra. Geimförin eru þvílíkur hafsjór af tæknibúnaði sem bæði hugvit í bland við gríðarlega vinnu hafa sameiginlega sett saman í einn pakka. Símtæknin hefur stýtt allar vegalengdir. Veraldarvefurinn dregur heiminn saman og fólk nær hvort öðru. Tölvutæknin, sjónvarps- og útvarpsrekstur veitir afþreyingu og fróðleik. Allt stórkostleg hjálpartæki sem nota má til góðra verka. Tæknin í höndum manna og kvenna sem vita muninn á réttu og röngu, gera sér grein fyrir mikilvægi Guðs Orðs í heimi manna og nota tækin til að útbreiða Orðið. Slíkt fólk er að brúka þetta hugvit til góðs og leiða blessun og visku Guðs inn í þrautagöngu sem leitar þekkingar en finnur ekki.

Maðurinn leitar sér afþreyingar í hinum og þessum dyrum og vöðvar stækka með þrotlausum æfingum inn á líkamsræktarstöðvum til að efla ímynd viðkomandi og auka sjálfstraustið. Menn leita á vit róandi og örvandi pilla, afengis, óhóflegrar vinnu til að eiga fyrir skuldum sem flestir meira og minna eru í basli með. Og þetta á sér stað sökum þess að þekking manna byggir svo oft á ótraustum grunni. Enda á umliðnum árum og áratugum beinst og byggst á getu og hyggjuviti mannsins sjálfs. Þekkingin á Drottni Jesú verður æ minni og æ fleirrum stendur á sama um þessa þekkingu.

Þekkingarleitinn er eðlilegasti hlutur en hefur leitt menn í öngstræti með hrikalegum afleiðingum vegna þess að tveir reyna að heilla manninn. Annar til að segja honum sannleikann hinn til að ljúga. Í holdi mannsins, föllnu eðli hans, býr ekkert gott og maðurinn hefur tilhneigingu til að leita þangað sem svalar grind og öðrum þáttum holdsins. Og menn byrja að upplifa sig eins og upp við vegg. Margur maðurinn hefur reyndar fundið Krist við svoleiðis aðstæður: „Drottinn! Ef þú ert raunverulegur þá bjargaðu mér út úr minni krísu. Ég get ekki meira. "

En hvernig getur staðið á þessu? Þetta gerist þegar grunnþekking mannlegs lífs þynnist út og er jafnvel ekki lengur kennd í skólum. Og fjölskyldan, heimili mannsins, bíður skipbrot. Hún er ekki lengur varin af bæn, trú mannsins og Orðinu. Heimili margra í dag er staðurinn sem þeir koma á til að matast, lesa blöðin, horfa á sjónvarpið og sofa. Lítil sem engin tengsl eru til staðar í lykileiningu samfélagsins fjölskyldunni. Þessa staðreynd þræta fáir fyrir. Íslendingar hafa byggt þjóðfélag sem leggur ekki mikla áherslu á sameiningu fjölskyldunnar nema helst í tækifærisræðum. Sem ennþá er stundað. Þekkingu manna hefur á umliðnum árum í æ ríkara mæli verið beint frá Guðs Orði og inn í heim ævintýranna.

Pekking mín. 2.

" Þá mælti Guð við Salómon: Sakir þess, að þetta bjó þér í hjarta, og þú baðst eigi um auðlegð, fé og sæmd, eða um líf þeirra, er hata þig, og baðst eigi heldur um langlífi, heldur baðst þér visku og þekkingar, að þú gætir stjórnað lýð mínum, er ég hefi gjört þig að konungi yfir, þá er viska og þekking veitt þér, og auðlegð, fé og sæmd vil ég veita þér, meiri en haft hefir nokkur konungur á undan þér og meiri en nokkur mun hafa eftir þig. Síðan hélt Salómon burt frá fórnarhæðinni í Gíbeon, frá staðnum fyrir framan samfundatjaldið, til Jerúsalem, og ríkti yfir Ísrael. " (2Kron: 1. 11 – 13)

Hvaða maður í veröldinni hefur ekki einhverju sinni spurt sig spurninga og fengið svör eftir að hafa knúið dyra? Og dyrnar þarna geta verið margvíslegar. Til eru rangar og líka réttar. Eftir að hafa farið inn um réttar dyr koma menn til baka með svar sem er þá rétt svar. Afskaplega mikilvægt. Leit mannsins bar sinn árangur og með rétt svar í höndunum vinnst ákveðið frelsi. Menn þurfa sums é að hafa fyrir hlutunum. Allir menn. Að vilja ekki grennslast fyrir um hluti og bíða þess út í eitt að aðrir komi með lausnina fyrir okkur á silfurfati er ekki góð latína. Fyrsta skrefið í leit mannsins til öflunar þekkingar ryður sína braut.

Vinir! Við erum manneskjur og þráum að vita meira. Aukin þekking getur líka aukið gleði manna. Maðurinn dregur sjálfstæðar áliktannir af flestu sem hann snertir á og umgengst. Að reikna út hluti, pæla í þeim í þeirri trú að með því finnist hin besta leið réttlætir mikla vinnu. Allt sprottið af meðfæddri þekkingarleit. Og sigurinn sem uppgötvunin fól í sér sýnir einstaklingnum að honum er ýmislegt til lista lagt.

Eitt er nauðsýnlegt. Maðurinn verður að stíga skref og treysta, til að mynda sjálfum sér og vita að lærdómurinn hefur fært honum það sem er rétt. Þegar verkið kemst svo á framkvæmdastig þá mega hugsanlega gerð mistök ekki draga úr mönnum kjarkinn. Og menn gera mistök í byrjun en mismunandi afdrifarík. Mistökina færa okkur á nýjan stað í verkefninu. Menn spyrja sig fleiri spurninga og leita frekari svara hjá sér reyndari mönnum.

En til er betri leið heldur en sér reyndari menn og til að þekking sé á rökum reist örugg og góð er farsælast að leita til höfundar viskunnar Jesú Krists. Eru menn sammála þessu? Fer eftir því hvort menn trúu á Jesú eða ekki.

Skoðum þekkinguna nú frá öðrum sjónarhóli og persónugerum hana. Öll viska er vitaskuld persónuleg. Sumur lærdómur er til að koma sjálfum sér í góða vinnu. Svoleiðis lærdómur er tengdur prófskírteinum úr skóla og fullgild sem slík. Annarskonar þekking er líka til. Hún snýr að persónunni sjálfri. Fengin til að auðga líf gleðja og göfga. Enda persónuleg. Og hérna er verið að tala um áhugamál sem flest fólk hefur.

Gerum okkur grein fyrir einu að þú og ég erum einstök sköpun Guðs, ólík hvorri annarri, með öðruvísi bakgrunn, uppeldi, reynslu. Já og líka þekkingu. Þitt áhugamál er ekki mitt og mitt áhugamál ekki þitt. Samt getum við virt áhuga hvors annars og niðurstöður. Og vegna þess að mitt áhugamál er annað heldur en þitt eru niðurstöðurnar í öðrum dúr heldur en þínar.

Brýnt er að hvetja fólk til að finna sér áhugamál sem hægt er að gleyma sér við svona annað veifið. Vitaskuld verður allt svona að vera innan skynsamlegra marka og á sviðum sem virkilega eykur þroska manneskjunnar og þekkingu í sannleika.

Jesú Kristur dó á krossi en fékk þó sigurpálma í hendurnar. Sköpun Guðs er fyrir manneskjuna til að gleðja hana. Manneskjan þarf einungis að ljúka upp augum sínum, líta í kringum sig, skoða og skilja. Skilningurinn á því hvernig Guð starfar vekur henni gleði og umhverfið verður henni kærkomið. Guð er skaparinn og hefur sett í manninn þörf til að leita og skoða hluti og komast sjálfur að raun um hvers kyns er en láti sér ekki nægja að vera mataður á einvörðungu reynslu annarra. Sem vissulega getur vel nýst öðrum í eigin leit og hjálpað til við að skilgreina viðfangsefni hverju sinni. Engin er þannig séð eyðisker og fólk notar þekkingu hvort hjá öðru. En breytir ekki hinu að öll erum við samt einstaklingar. Einstök sköpun Guðs. Engin utan Guðs veit hvað bærisk í huga og hjarta einstaklings nema hann sjálfur. Áhugamálið er þannig séð privatmál þitt nema annað sé ákveðið.

Höfundur átti fyrir nokkru (um veturinn 2004) stutt spjall við manneskju. Áhugasvið hennar var, að því er best var sé, á sviði villtra blóma og jurta. Stundum fór þessi manneskja með hóp með sér út í náttúruna, skóglendið í kring, til að greina með hópnum þann áragrúa jurta sem þar er að finna. Sjálf hafði hún tekið allskonar jurtir heim í gegnum árin og dundað sér við að þurrka blöðin og láta þau þurr í plast og skrifa stutta lesningu um hvert og eitt. Allt gagnlegar upplýsingar. Þessu stakk hún svo ofan í plastvasana sem þurrkuðum blómum var ætlaður staður. Blómmin voru vel merkt og gott skipulag á verkinu. Sem ekki spillti gleðinni. Allt var þetta snyrtilega gert og bar þess öll merki að manneskjan hefði nostrað heilmikið við blómin sín og allt í kringum blómasöfnunina og virkilega það sem hugurinn og hjartað gladdist mest yfir Allavega upplifði höfundur stundina svona.

***" Og Guð sagði: Sjá, ég gef ykkur alls konar sáðberandi jurtir á allri jörðinni og alls konar tré, sem bera ávöxtu með sæði í. Það sé ykkur til fæðu. Og öllum villidýrum og öllum fuglum loftans og öllum skriðkvikindum á jörðinni, öllu því, sem hefir lifandi sál, gef ég öll grös og jurtir til fæðu. Og það varð svo. Og Guð leit allt, sem hann hafði gjört, og sjá, það var harla gott. Það varð kveld og það varð morgunn, hinn sjötti dagur. "* (1Mós: 1. 29 – 31)**

Spjallið við téða manneskju leiddi að öðrum spurningum tengdum þekkingarleit mannsins. Þessum spurningum:

„ Til hvers er öll okkar þekkingarleit? Hverjum nýtist hún þegar fram í sækir og við hverfum af yfirborði jarðarinnar og erum ekki lengur til staðar og sjálf kominn undir græna torfu? Spurningarnar voru svo lagðar fram fyrir Drottinn í bæn.

Svarið sem Drottinn gaf var áhugavert:

" Skaparinn er persónulegur Guð. Sköpun hans er til að gleðja þann hluta sköpunarinnar sem kallast maður. Fegurð grasanna, blómanna, dýra merkurinnar og fugla loftans er til að vekja áhuga manneskjunnar og veita henni gleði í hjarta. Stórbrotinn fjöllin, grösugir dalirnir, hrjóstrugar sléttur, eru allt hluti af þessari mynd sem Drottinn dregur upp handa mannum til að auka honum þekkingu og veita meiri gleði inn í hans líf: "***Dapurt geð skrællir beinin.***" Drottinn gefur niður áhugamálin sem hann vill að fólk einbeiti sér að en kasti ekki frá sér, eins og sumra er siður. "

Eins og fram hefur komið er Guð persónulegur Guð. Hann fæst við einstaklinginn, manninn. Maðurinn er einstakur og hugsandi vitsmunavera. Hefur langanir og þrár. Og þannig af Guði gerður. Maður vill vita og afla sér sjálfstæðrar þekkingar á hlutum og fyrirbrigðum sem eru í umhverfinu. Og inn í þessa þörf kemur Guð og líkur upp augum manneskjunnar og gefur

henni visku sem gefur sína gleði tengdu áhugamálinu. Smásaman, eftir því sem meiri rækt er lagt í viðfangsefnið, eykst þekkingin. Og með áframhaldandi athugunum uppgötvast margt annað sem áður lágu utan þekkingarsviðsins. Áhuginn verður ennþá meira. Þekkingarleitinn hefur keðjuverkandi áhrif með fengum árangri verksins.

Guð vill virkja áhuga manneskjunnar á sér. Síðar, þegar sambandið við Jesú er orðið raunverulegt, viðurkennir hann að Drottinn var aldrei fjarri.

Hitt er annað mál hvort einhverjum nýtist uppgötvunin sem árangur áhugamálsins veitti áhugsömum. Sumir gera niðurstöður sínar opinberar, aðrir halda þeim fyrir sjálfa sig. Sem reyndar er hið algengara þarna. Fáir setja athuganir sínar og lausnir á blað og gefa út í formi bóka eða greina. En alltaf einhverjir sem finna sig knúna þarna. Og fróðleikur í bókaformi kemur út og getur enst mann fram af manni.

Aðalatriðið er að Guð er persónulegur Guð sem gleður manninn. Hann horfir ætíð á persónuleika mannsins sjálfs og getu hans. Sem og er ástæða þess að öll þessi ægifygurð og fjölbreytileiki náttúrunnar er í umhverfi fólksins. Þegar sjálfíð er glatt lofar það oft skapara sinn hárra raustu: " Dýrð sé þér Drottinn! Hver er sem þú? "

„ Eitt sinn skal hver maður deyja „- er sannleikur sem engin mælir gegn. Hugið ykkur milljarðanna af fólki sem hafa gengið á þessari jörð frá Adam og Evu og alla þekkinguna í hjörtum þessara einstaklinga og niðurstöðurnar sem komu af leit þeirra sem hvarf aftur með þeim ofan í moldina. Viska sem kannski engin nema viðkomandi manneskja vissi um né leitaði í, en var til staðar megin hluta af ævi hennar og hefði getað gagnast mörgum en gerðist ekki vegna þess að aldrei var frá henni sagt..

Menn fæðast og í fyllingu tímans deyja þeir og hverfa héðan. Við deyjum eitt af öðru en Jesús verður áfram á jörðinni í gegnum sinn Heilaga Anda sem leiðbeinir kynslóðunum að visku skaparans. Og trúin viðhelst og þekkingin á verkum Drottins vex. Hver kynslóð gefur af sér þekkingu til næstu kynslóðar.

Við sáum að allar áhyggjur eru óþarfar um það hvað verða mun eftir okkar daga.

Allt fólk sem fæðist er mikilvægt en samt aðeins einn sem er ómissandi. Drottinn Jesú Kristur. Jesú er sá sem skaffar hvort heldur er fæði, klæði, viska og áhugmál, sem öndvert göfgar lífið og eykur þekkingu.

Okkur ber að hvetja náungann til að iðka og eiga sér heilbrigt áhugamál. Vinna handanna gerir öllum gott og dreifir huganum. Lítum stundarkorn í ritninguna:

" En tak ekki við ungum ekkjum. Þegar þær verða gjálífar afrækja þær Krist, vilja giftast og gerast þá sekar um að brjóta sitt fyrra heit. Og jafnframt temja þær sér iðjuleysi, rápandi hús úr húsi, ekki einungis iðjulausar, heldur einnig málugar og hlutsamar og tala það, sem eigi ber að tala. Ég vil því að ungar ekkjur giftist, ali börn, stjórnir heimili og gefi mótstöðumanninum ekkert tilefni til illmælis. Nokkrar hafa þegar horfið frá til fylgis við Satan. " (1Tím: 5. 11 – 15)

Um hverja er Páll raunverulega að tala í ritningaversinu? Páll talar um fólk sem gengur eirðarlaust um gólf með enga stefnu og engu til að sinna í deginum. Fólk sem hefur ekkert þarfara að gera, að því sjálfu finnst, nema kíkja í heimsókn til nágrannans og blaðra við hann

um allt og ekkert yfir kaffibolla. Um fólk sem veit ekki að hverju það á að snúa sér liðlangan daginn.

Sjá má að slíkar manneskjur eru ekki á höttunum eftir visku né þekkingu fyrir tilstuðlan uppbyggjandi áhugamáls eða ábatasamrar vinnu í einhverju formi, þrjónaskap, ísaum, smíðum. Að eitthvað sé nefnt. Öll orka fer í að tala um til að mynda eigin bágindi og hve skítt menn hafi það.

Páll vill hvetja svona fólk til að ná sér í góðan maka, giftast og annast heimili. Þá er alltént kominn góður tilgangur og eitthvað til að stefna að og fólk þetta fer að dunda sér við þarfleg verk og þekkingaraflandi. Eins og barnauppeldi og umsjón heimilis óneitanlega er og verk sem byggja fólk upp en rífa ekki niður. Líkt og ráp hús úr húsi gerir. Ekki er verið að tala um venjulegar heimsóknir til að hitta kunningja og vini heldur ráp af eirðarleysinu einu saman.

Í upphafi pistilsins var fjallað um gjöf sem Guð gaf Salómon, konungi Ísraels. Honum var gefin viska framur öllum öðrum mönnum í veröldinni, fyrr og síðar. Viska Salómons leiddi hann reyndar út í ástríðuþrungna leit að þekkingu. Hann rannsakaði hvaðeina sem fyrirfannst á jörðinni og dró réttar áliktannir af. En þrátt fyrir alla sína visku fann hann enga fró í henni heldur fylltist Salómon mæðu eins og ávalt gerist er menn fara útfyrir sviðið með það sem þeir eiga.

Í Prédikaranum lesum við niðurstöður Salómons, sem á margan hátt bendir til fíknar hans í sífellt meiri þekkingu. Niðurstöður hins vitra manns voru á fáum orðum þessar:

Aumasti hégómi, segir prédikarinn, aumasti hégómi, allt er hégómi! " (Préd: 1. 2)

Og:

" Og ég sagði við sjálfan mig: Hið sama sem kemur fram við heimskingjann, það kemur og fram við mig, og til hvers hefði ég þá orðið svo frábærlega vitur? Þá hugsaði ég í hjarta mínu, að einnig það væri hégómi. Því að menn minnst ekki hins vitra að eilífu, frekar en heimskingjans, því að allir verða þeir löngu gleymdir á komandi tímum, og deyr ekki jafnt vitur sem heimskur? Þá varð mér illa við lífið, því að mér mislíkaði það, er gjörast undir sólinni, því að allt er hégómi og eftirsókn eftir vindi. (Préd: 2. 15 – 17)

:

" Því að örlög mannanna og örlög skepnunnar örlög þeirra eru hin sömu: Eins og skepnan deyr, svo deyr og maðurinn, og allt hefir sama andann, og yfirburði hefir maðurinn enga fram yfir skepnuna, því að allt er hégómi. Allt fer sömu leiðina: Allt er af moldu komið, og allt hverfur aftur til moldar. Hver veit, hvort andi mannanna fer upp á við, en andi skepnunnar niður á við til jarðar? Þannig sá ég, að ekkert betra er til en að maðurinn gleðji sig við verk sín, því að það er hlutdeild hans. Því að hver kemur honum svo langt, að hann sjái það sem verður eftir hans dag? " (Préd: 3. 19 – 22)

" Og moldin hverfur aftur til jarðarinnar, þar sem hún áður var, og andinn til Guðs, sem gaf hann. Aumasti hégómi, segir prédikarinn, allt er hégómi! En auk þess sem prédikarinn var spekingur, miðlaði hann og mönnum þekkingu og rannsakaði og kynnti sér og samdi mörg spakmæli. Prédikarinn leitaðist við að finna fögur orð, og það sem hann hefir skrifað í einlægni, eru sannleiksorð. Orð spekinganna eru eins og broddar og

kjarnyrðin eins og fastreknir naglar þau eru gefin af einum hirði. Og enn fremur, sonur minn, þýðstu viðvaranir. Að taka saman margar bækur, á því er enginn endir, og mikil bókið þreytir líkamann. " (Préd: 12. 7 – 12)

Í pistlinum er ekki verið að tala um slíka ástríðuþrungna leit fólks að þekkingu heldur leit sem veitir ánægju. Eitthvað sem fólk hefur yndi af að stunda og rannsaka í fullum friði og unnið á þann hátt að menn hvorki þreytist af né mæðist. Drottinn vill ekki að fólk verði dapurt af sínum uppgötvunum með niður brjótandi hugsunum.

Visku er þörf þarna eins og annarsstaðar í lífinu.

Pekking mín. 3

Guð skapaði manninn í sinni mynd. Við, sem lesum Biblíuna, vitum að skaparinn er hugsandi vitsmunavera og metur eigin verk.

Skoðum 1. Mósebók og lesum eftirfarandi orð:

" Guð sagði: - Safnist vötnin undir himninum í einn stað, svo að þurrlendið sjáist - og það varð svo. Og Guð sá, að það var harla gott. " (1 Mós: 1. 9)

Guð leit yfir verk sín og komst að raun að allt var harla góð. Þetta merkir að hann hannaði fyrst, hugsaði út, pældi og mældi og framkvæmdi svo. Og þessi Guð, sem þannig vinnur, er höfundur allrar þekkingar. Í þessa þekkingu getur maðurinn leitað í Jesú Krist.

Takið eftir!!! Maðurinn verður að viðurkenna Soninn og dauða hans á krossi og upprisu til að öðlast þetta aðgengi. Stórkostlegur Guð.

Maðurinn er skapaður af algóðum Guði til að skoða hluti, læra af þeim og draga eigin áliktannir af verkum sem hann vinnur við og að.

Frá upphafi vill Guð að maðurinn leiti til sín um hvaðeina sem dregur úr honum mátt og kjark, hvort sem eru vandamál, sorg, erfiðleikar eða leitinn að sannri visku og speki. Guð nýtur þess að uppörva og hvetja menn fram á veginn. **" Fyrirætlanir til heilla, en ekki til óhamingju, að veita yður vonarríka framtíð. " (Jer: 29. 11)**

En kórónan á kærleika skaparans er frjáls vilji mannsins. Skaparinn leggur, samkvæmt þessum orðum, sjálfur engar byrðar á manneskjuna. Allt skal gert og miðast við frelsi hjartans til eigin ákvarðanatöku. Þessu má finna stað í Orðinu. Flettum eldsnöggt upp í Jesaja:

" Ef nokkur áreitir þig, þá er það ekki að mínum vilja. Hver sem áreitir þig, skal falla fyrir þér. " (Jes: 54. 15)

Ef Guð hlutaðist til um verk mannsins frá degi til dags til að, segjum, stöðva alla vitleysu í heiminum og þarf daglega að horfa upp á og er fullkunnugt um, hvers vegna eru þá svo mörg mistök unninn sem leiða inn allskyns hörmungar og ógæfu vegna óvandaðra vinnubragða manna?

Það er vegna þess að Skaparinn gaf þeim frelsi til að framkvæma að eigin vild og getur því ekki tekið fram fyrir hendur þeirra, nema beiðni þess efnis berist honum. Allt svoleiðis gerist

ekki nema til komi trú manna á upprisna Soninn. Þá erum við líka komnir á annan stað í umræðunni og farnir að þrá speki og visku Drottins og nota sem grunn eigin þekkingar. Kennsla byggð á sannleikanum er meðalið sem við ættum að þrá hvað heitast að taka inn til að öðlast skilning á réttu og röngu. Sumir snúa þessu og haus og gera rétt að röngu og röngu að réttu og útskírir alla vitleysuna sem þrífst og er í veröld vorri.

Hver að dæmi sé tekið vill gera óraunhæfar áætlanir? Og hver vill vera heimskur? En margir eru samt á þessum stað jafnvel ævina á enda vegna þess að kennslan sem numin var byggðist ekki á raunveruleikanum heldur því sem menn sjálfir töldu raunveruleika, en var kannski að mestu byggt upp á lygum djöfulsins og kominn til að stela, slátra og eyða.

Biblían fræðir menn um tilvist hins vonða og vill að þeir læri að þekkja klæki hans og forðast þá.

Herforinginn veit að besta vopnið á andstæðinginn er að þekkja hann vel og óvinurinn veit að hið versta sem fyrir sig gæti komið er að verða afhjúpaður. Allt svona er einvörðungu gerlegt í þekkingunni og henni rétttri. Stundum fer þekkingarleit mannsins inn á þessar lendur en fráleitt í öllum tilvikum.

Þekkingin skapar meistarann. Rétt meðhöndluð þekking nær að fleyta mönnum áfram og oft yfir ótrúlegustu hindranir. Markmið óvinar Guðs er að valda skaða og usla í mannheimum og mikið af honum. Allt meira og minna með fullu samþiggi manna sem blessa daunill verkinn með jái sínu en rekur svo í rogastans yfir ógæfu sem skyndilega hvolfdist yfir. Viska skaparans og máttur hans færir honum sannleikann að gjöf. Hinn trúaði ber sig eftir gjöfinni.

Skodum Lúkasarguðspjall:

" Hann sagði þá við hann: Barnið mitt, þú ert alltaf hjá mér, og allt mitt er þitt " (Lúk: 15. 20) – eru orð Föðurins til staðfasta sonarins sem hryggðist vegna slíkrar framkomu gagnvart yngri bróðurnum sem sóaði öllu sínu í munaði en kom svo skyndilega heim aftur með skottið á milli lappanna, blankur, hræddur og kvíðinn um viðbrögð Föðurins, fjölskyldunnar og hugsanlega höfnun. En hér var hann samt og snúinn við og horfinn frá sínu fyrra og vonða líferni og kominn þangað sem hlutirnir voru í föstum skorðum.

Viðsnúningur yngri sonarins bendir á viskuna. Það er viturleg ákvörðun að hverfa aftur í rann Drottins.

Drottinn vill að menn afli sér visku og þekkingar til gagns en margir lita ekki vegna kannski stols og stífni við að leita til annarra sem þekkinguna hafa og er viturt fólk.

Í fyrra bréfi Páls til Korintumanna lesum við:

" Því að þekking vor er í molum og spádómur vor er í molum. " (1 Kor: 13. 9)

Hvað merkja orðin: " Í molum? " - þau hafa nokkrar merkingar. Segjum að þú takir glas og missir það ofan á hart steingólf. Þegar þú lítur niður sérð þú við fætur þína glas í milljón molum dreift um allt gólf. Að vísu gætir þú, sem bjartsýnismanneskja, reynt að týna upp brotinn og raða þeim saman og freista þess að gera glasið aftur heilt. En slíkt er ekki viturleg aðgerð og best að viðurkenna staðreyndir og að glasið sé ónýtt. Molarnir eru samt þarna á

gólfinu og það væri hægt að raða þeim aftur saman. En ritningaversið talar ekki um þetta atriði.

Það sem Páll á við er að fólk, sem leitar sér þekkingar, þiggur hana í litlum molum. Einn bita í einu og lögun byrjar að koma á verkið. Með elju, áhuga drifið áfram af dugnaði blasir að lokum við nemandanum heildarmynd. Erfiðið skilaði honum sínum árangri.

Hvað merkir þetta svo? Menn í þekkingarleit eftir heilsteyptri visku þurfa að leita í rétt mola kar sem engin óhreinindi hefur komist í.

Molarnir sem Páll ræðir um fást þegar við sækjum kennslu í Orðinu. Sú kennsla er ekki borinn fram úr mola kari sem einhver missti í haugskítugt gólf og mokaði aftur í það ásamt öðru sem á gólfinu var, heldur er innihald karsins hreint, hvítt sem mjöll, vel frambærilegt og lystugt. Myndin sem þú vild búa til er, segjum, þrjátíu molar. Í hverri kennslustund færðu í mesta lagi tvo til þrjá mola.

Hvað merkir þetta svo meira? Vinnu, ástundun, þolinmæði, þrautseigju, helgun og yfirlegu. Manneskjan verður að hafa fyrir því að afla sér þekkingar. Hún þarf að standa upp, taka sig frá, segja skilið við eitt og annað í sínu lífi og einhenda sér í viðfangsefnið: „Þekking á réttum grunni. „

Maður sem ekki vill leggja neitt á sig til að öðlast mun heldur ekkert bera úr bitum. Máski náði hann sér í fjóra mola og byrjaði að púsla saman myndinni en stoppaði svo. Hann mun aldrei komast að raun um hvað verkið vildi kenna honum né sjá fegurð myndarinnar fullgerða. Maðurinn hætti í miðjum klíðum

Lesum í Lúkasarguðspjalli:

" Ella má svo fara, að hann leggi undirstöðu, en fái ekki við lokið, og allir, sem það sjá, taki að spotta hann og segja: Þessi maður fór að byggja, en gat ekki lokið. " (Lúk: 14. 29 – 30)

Enginn getur tekið alla molana með sér heim í fyrstu kennslu. Honum verða afhentir þeir eftir því sem kennslunni miðar og árangri. Molarnir eru skilningur mannsins. Fullt molaker, gleypst í flýti, mundi lítt gagnast og ekki auka skilning og kennslan færi fyrir ofan garð og neðan og mesta tímaeyðsla.

Jesú byggir allt rétt upp. Hann byrjar á byrjuninni. Molar geta verið mismunandi stórir um sig. Samanlagt munu þeir fullgera myndina og vinna hver með öðrum. Á endanum nýtur maðurinn opinberunar Guðs. Hann þraukaði til enda og þekkingin jókst og ánægjan sem vinnan og verkið fæddi.

Skoðum 1 Korintubrэф:

" En þegar hið fullkomna kemur, þá líður það undir lok, sem er í molum. "

(1Kor: 13. 10)

Hér er mola karið orðið tómt: Sem er merkir að þekkingarleitinn snýr sér að næsta verkefni til að glíma við. Og sífellt bætist við þekkinguna og grundvöllur trúarinnar styrkist. Sem er

markmið kristins manns. Ekki satt? Engin kyrrestaða í Guði. Drottinn hvetur manninn til sífelldra framfara í þekkingunni og að vera reiðubúinn til að hafa eitthvað fyrir henni en taka ekki sem sjálfsagða sem ekkert þurfi að hafa fyrir né leggja neina rækt við.

Látum ritningarnar sjálfar endurspeglar huga og elsku Drottins til sköpunar sinnar:

" Því að svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf Son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf. " (Jóh: 3. 16)

Drottinn þráir að gefa hverjum sem til hans leitar átölulaust. Mannsins er að knýja dyra hjá Guði.

Þekkingarleit mannsins fer að mestu fram í gegnum bænalífið sem svo leiðbeinir honum á einn og annan stað og þangað sem upplýsingarnar eru. Hönd Drottins er að verki.

Hinn raunverulegi þú, andi mannsins, þráir visku Guðs og að þekkja Orðið betur. Þekkingarleit mannsins fer líka fram á andlega sviðinu ekki bara holdlega sem nærir hégóma og slíkt.

Holdið, eðli fallins, syndugs manns, lætur sér á sama standa um þekkinguna á höfundu lífsins. Það vill sem fyrr lifa og leika sér og hugleiða dægrið löng hvornig megi fá sem mest út úr allt og öllu án þess að horfa fyrst og endilega til heiðarleika og slíkra þátta. Holdið er sjálfselskt, eigingjart og ævinlega í mótsögn við göfugar hugsanir og gerðir Drottins.

Höfundur viskunnar vill og þráir að koma til móts við þekkingarleit manneskja til svölnnar.

Skoðum núna Markúsarguðspjall:

" Kona ein frétti þegar af honum og kom og féll honum til fóta, en dóttir hennar hafði óhreinan anda. Konan var heiðin, ættuð úr Föníkíu sýrlensku. Hún bað hann að reka illa andann út af dóttur sinni. Hann sagði við hana: Lofaðu börnunum að seðjast fyrst, ekki sæmir að taka brauð barnanna og kasta því fyrir hundana. Hún svaraði honum: Satt er það, herra, þó eta hundarnir undir borðinu af molum barnanna. Og hann sagði við hana: Vegna þessara orða skaltu heim snúa, illi andinn er farinn úr dóttur þinni. Hún fór heim, fann barnið liggjandi á rúminu, og illi andinn var farinn. " (Mark: 7. 25 – 30)

Lesið var um konu sem virkilega þráði að þekkja frelsarann sinn betur og raunverulega lét ekkert stöðva sig og var tilbúinn til að taka afleiðingunum gerða sinna.

Bræður og systur! Stundum þurfum við að leggja okkur öll fram til að ná árangri sem eftir er sóst. Í Jesú nafni. Amen.

Fyrst gert í mars 2004

Endurgert 14 janúar 2011